

til greina, en honum veitist 14 daga frestur til að sækja málið að aðalefninu til.

Mánudaginn 3. nóvembermán.

Nr. 39/1883

Rjettvísing

gegn

Þorsteini Guðmundsen.

### Úrskurður:

Áður fullnaðardómur verði lagður á þetta mál, er nauðsynlegt að útvega þær ýtarlegri sannanir og skýringar, sem nú skal greina:

Hinn ákærði, Þorsteinn Guðmundsen, hefur borið:

- a, að hann hafi hlaðið hina tvíhleypu byssu, er hann særði þá Hallgrím Jónsson og Nikulás Árnason með, rjett áður en hann sendi skotin á eptir þeim;
- b, að hann einungis hafi hlaðið byssuna með púðri, þótt verið geti, að nokkur högl hafi slæðst með í skotin, því nokkur högl hafi verið innan um púðrið;
- c, að púðrið hafi verið í gömlu horni (púðurhylki).

Með því það virðist mjög ósennilegt, að hinn ákærði hafi getað hlaðið bæði hlaup byssunnar á svo stuttum tíma, sem virðist hafa liðið frá því hann fór inn í húsin og þangaðtil skotin riðu af, eða á þeim tíma, er menn þurfa til þess að ganga 40 faðma, verður;

- 1., að útvega skýrslur hlutadeigenda um, hve langur tími muni hafa liðið, frá því hinn ákærði fór inn í hið svo nefnda enska pakkhús og þangaðtil skotin riðu af, og er mjög áriðandi, að um þetta atriði fáiist nákvæm skýrsla.

Sá framburður hins ákærða er alsendis ótrúlegur, að hann hafi hlaðið byssuna eingöngu með púðri, þótt verið geti, að högl hafi slæðst innan um púðrið. Það verður því:

- 2., að leyta upplýsinga um, hvort mögulegt sje, að högl, sem eru innan um púðrið í byssunni, geti með nokkrum krapti farið út úr byssunni, og sjerstaklega um, hvort þau geti farið 40 faðma langt með slíku afli, sem hjer var; hvort byssan sje framhleðslu- eða apturhleðslubyssu, og sjerstaklega verður að yfirheyra hinn ákærða um, hvort ekki hafi getað verið skot (bæði púður og högl) fyrir í byssunni, þegar hann hlóð hana — eins og honum segist — tómu púðri;
- 3., verður að skoða púðurhorn það, sem ákærði um getur, og kynna sjer, hvort nokkur högl sjeu innanum púðrið í því, og af hverju tagi þau sje, selninga, lóu, rjúpna, anda eða refahögl (rennilóð), svo og, ef unnt er, að fá skýringu um, hvort ekki hafi verið haglapungur eða annað haglaílát eða þá laus högl í pakkhúsinu, þar sem hinn ákærði þykist hafa hlaðið byssuna, og hvort hann hafi verið vanur að geyma byssu sína og skotfæri á pakkhúslopti því þaðan sem hann skaut;
- 4., ber að yfirheyra hinn ákærða um, hvort hann hafi brotið rúðu til þess að skjóta út um opið;
- 5., ber að útvega læknisvottorð um áverkann á Nikulási Árnasyni, og sjerstaklega um, hve miklu heilsutjóni hagl það, sem kvað vera í hælum á honum — sje ekki búíð að ná því — geti valdið honum; svo ber og að útvega skýrslu um, af

hvaða tagi högl þau hafi verið, sem tekin voru úr þeim Hallgrími og Nikulási.

Svo ber og að útvega aðrar þær skýringar, er prófin um framanritað gefa tilefni til.

Því dæmist rjett að vera:

Undirdómaranum ber að útvega þær skýrslur og skýrteini, sem að ofan segir, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 10. nóvembermán.

Nr. 37/1884 Þórður sýslumaður Guðmundsson  
gegn

Einari kaupmanni Jónssyni og  
Þórði hreppstjóra Pálssyni.

Dómur:

Með yfirdómsstefnu, dagsettri 1. septbr. þ. á., hefur sýslumaður Þórður Guðmundsson sem eigandi jarðarinnar Litlahrauns í Stokkseyrarhreppi áfrýjað til yfirdómsins merkjadómi Árnassýslu, kveðnum upp 28. júlí þ. á. í máli milli hans og eiganda Stórahrauns, Einars kaupmanns Jónssonar og Þórðar hreppstjóra Pálssonar. Í yfirdómsstefnunni og sóknarskjali sínu fyrir yfirdóminum hefur áfrýjandinn hagað málssókn sinni svo, að hann hefur krafizt að verða sýknaður af öllum kærnum og kröfum hinna stefndu í þessu máli, og að þeir verði skyldaðir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverri nægilegri upphæð eptir mati yfirdómsins, er þó ekki sje minni en 60 krónur. En með því að landsyfirdómurinn samkvæmt 12. gr.